

Hlíð – Hjúkrunar og dvalarheimili á Akureyri



VERKSVIÐ VERKÍS

- Burðarþolshönnun bygginga
- Brunahönnun og flóttaleiðateikningar
- Lagna og loftræsihönnun
- Raflagnir, brunaviðvörðunarkerfi og neyðarlýsing
- Sjúkrakallkerfi og fjarskiptakerfi
- Sjálfvirkt slökkvikerfi
- Verkefnis- og hönnunarstjórn ásamt Arkitektúr.is

LÝSING

Öldrunarheimilið Hlíð á Akureyri var vígt 29. ágúst 1962 á 100 ára afmæli Akureyrarbæjar. Þá var húsnæðið um 2.800 m². Fyrstu heimilismenn voru 7. Í dag búa 143 íbúar í Hlíð, auk þess sem rými er fyrir 5 einstaklinga í skammtímadvalir. Heildar fermetrafjöldi bygginga er nú um 10.500 m².

Nýjasta viðbyggingin á Hlíð var vígð 2006. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. (VST) sem nú er hluti af VERKÍS hf. annaðist þar hönnun burðarþols, lagna, loftræsingar, raflagna, brunatækni, og hljóðtækni. Á hönnunartíma annaðist VST verkefnis og hönnunarstjórn í samvinnu við Arkitektúr.is. Í byggingunni er hjúkrunarheimili með 60 einstaklingsherbergjum, eldhús, matsalur og búningsaðstaða fyrir starfsfólk. Byggingin er þrjár hæðir og tæknirými í risi, samtals 3.964 m². Tengingangur liggur frá viðbyggingunni yfir í eldri byggingu.

Hið nýja eldhús sem er í viðbyggingunni er sérlega glæsilegt og vel tækjum búð. VST veitti sérstaka ráðgjöf við tækjakaup uppsetningu og frágang eldhússins sem talið er að geti annað um 1.000 manns á fullum afköstum.

VERKÍS hefur á að skipa starfsmönnum með mikla reynslu og þekkingu á sértækum þörfum öldrunarheimila og hefur sinnt fjölmörgum þáttum verkfræðiráðgjafar fyrir fjölda fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

ALMENNT UM VERKIÐ

Eigandi öldrunarheimilisins er Akureyrarbær. Húsnæðið skiptist í grófum dráttum í fjórar samtengdar byggingar sem hver um sig er á einni til þremur hæðum. Einnig eru 12 einnar hæðar raðhúsaíbúðir í tveimur sjálfstæðum byggingum. Heildargólfplötur er u.þ.b. 10.500 m²

LYKILUPPLÝSINGAR

Stærð:

10.500 m² í samtals fjórum megin byggingum og 12 raðhúsaíbúðum

Fjöldi legurýma

148

Byggingartími:

1962 – ..

Í mörgum áföngum

Byggingarefni:

Staðsteypt, járn bent steinsteypa.

Starfsemi:

- 9 öldrunar deildir
- 12 raðhúsaíbúðir
- Mötuneyti
- Læknisþjónusta
- Sjúkraþjálfun
- Iðjuþjálfun
- Félagsstarf
- Þjónusta Presta
- Verslun
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðastofa
- Þvottahús

